

# STJÓRNARTÍÐINDI B 121 – 2000

13. nóvember 2000

2393

Nr. 838

## AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að einstefna verði í Grófinni frá Geirsgötu að Tryggvagötu.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. nóvember 2000.*

Böðvar Bragason,

**e.u Ingimundur Einarsson.**

14. nóvember 2000

Nr. 839

## AUGLÝSING

**um nýtt deiliskipulag í Flatey á Breiðafirði, Reykhólahreppi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Reykhólahrepps þann 20. október 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir Tröllaenda í Flatey. Deiliskipulagið nær til staðsetningar olíubirgðastöðvar og rafstöðvarhúss á Tröllaenda í Flatey á Breiðafirði. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag 1990-2010 en þar er gert ráð fyrir iðnaðar- og þjónustusvæði á Tröllaenda í Flatey. Austurhluti Flateyjar á Breiðafirði ásamt nálægum hólum er friðaður samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 47/1991. Fyrirhuguð mannvirki eru utan verndarsvæðisins.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykhólum, 14. nóvember 2000.*

**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir** sveitarstjóri.

9. nóvember 2000

Nr. 840

## AUGLÝSING

**um skipulag í Eyjafjarðarsveit.**

*Breytt deiliskipulag – Leifsstaðir.*

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundahúsabyggð í landi Leifsstaða. Breytingin felur m.a. í sér fækkun lóða, nýja vegtengingu og leyfi fyrir byggingu tveggja íbúðarhúsa við norðaustur mörk svæðisins.

Tillaga þessi, sem hefur verið auglýst og yfirfarin af Skipulagsstofnun eins og lög gera ráð fyrir, er nú auglýst til að taka þegar gildi, sbr. 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.